

í vöxtu og það endurgreitt á 10 árum með 650 kr. árlega, eða með þeim skilyrðum, **93**  
sem sett verða, þegar búið er að ræða málið á alþingi, og hef jeg beðið landfógetann að **8. ágúst.**  
útborga yður upphæð lánsins gegn því að þjer útgefið og afhendið honum fyrir hönd  
sýslunefndarinnar lögformlegt skuldabréf fyrir því, er samið sje samkvæmt ofansögðu.

**Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu** **94**  
**um lán til stofnunar búnaðarskóla fyrir Múlasýslur.** — Með brjefi þessu veitti lands- **25 ágúst.**  
höfðingi samkvæmt heimild þeirri, er gefin er í niðurlagsákvörðun fjárlaganna fyrir 1882  
og 1883, Norðurmúlasýslu 8500 króna lán úr viðlagasjóði, til að stofna búnaðarskóla  
handa báðum Múlasýslum, þannig að lán þetta yrði endurborgað og ávaxtað með 6 af  
hundraði á ári í 28 ár.

### Skýrsla

95

*um fund amtsráðsins í norður- og austurumdæminu 31. maí og 1. júní 1883.*

Ár 1883, 31. dag maím. var fundur amtsráðsins í norður- og austuramtinu  
settur á Akureyri af forseta ráðsins, settum amtmanni J. Havsteen, með amtsráðsmönn-  
unum sjera Arnljóti Ólafssyni og umboðsmanni Einari Ásmundssyni.

Á fundinum voru tekin til meðferðar og umræðu þau mál, er hjer eru talin:

1. Landshöfðinginn yfir Íslandi hafði í brjefum 23. nóvbr. og 7. desbr. f. á. skorað á  
amtman að leita álits amtsráðsins um það, hverjar ráðstafanir myndu nauðsynlegar  
eða hagkvæmar til þess að koma í veg fyrir hallæri það, sem fyrirsjáanlegt væri á  
árinu 1883 í sveitum þeim, þar sem bændur vegna fódurskorts hefðu orðið að lóga  
fjárstofn sínum að miklu eða mestu leyti. Með því amtsráðsfundur var nýlega af-  
staðinn, þá er brjef þessi bærust hingað, þar forseti ráðsins sig brjeflega saman við  
meðlimi amtsráðsins um þetta málefni. Það var samhuga álit ráðsins, sem það ljæt  
uppi í febr. p. á., að það gæti eigi betur sjæð, en að afleiðingum fjárfækkunarinnar  
á árinu 1882 mundi að mestu leyti verða afstýrt með því að verja sem bezt á kom-  
anda sumri því fje, sem enn stæði eptir óeytt af samskotagjöfunum í Danmörk; en  
skyldi hin sama ótíð aptur koma, sem gekk yfir landið í fyrra, og hafisar aptur  
leggjast að landinu, væri ekki annað fyrir, en að sýslunefndirnar leituðu lána úr  
viðlagasjóðnum; með þessu fyrir augum hefur forseti ráðsins lagt það til við lands-  
höfðingja, að útveguð verði á næsta alþingi með fjárukalögum heimild til þess að  
veita þeim sýslunefndum, sem færu þess á leit, lán úr viðlagasjóði með svo vægum  
kjörum, sem unnt væri. (Framhald í næsta tölublaði).

#### STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1882 og 1883

10. gr. C. 4.

veitti landshöfðingi samkvæmt tillögum amtsráðsins í suðuramtinu

- a. búnaðarfjelagi suðuramtsins 1566 kr. 66 a. með því skilyrði, að það selji án nokkurs ágóða fyrir  
fjelagið jarðyrkjuverkfæri þau, er það árlega útvegar frá útlöndum og hefur á boðstólum handa  
þeim, sem vinna vilja að jarðabótum.
- b. búnaðarfjelogunum í Hálsahreppi og Andakylshreppi 100 krónur hvoru til að kaupa fyrir jarðyrkju-  
verkfæri

ennfremur:

1000 krónur til að kosta búfræðing til að vera verkstjóri við flóðgardahleðslu fyrir Safarmýri og til þess  
jafnframt að segja fyrir um stíflu og framræslu Hróarsholtslækjar,